

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Hæll 3, Ljós kolluholt, L166571 og Hæll 3, Norðlingaflöt, L229847.

Deiliskipulagið tekur til tveggja landskika úr lendum Hæls 3, Ljós kolluholt og Norðlingaflöt. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining bæjarstæðis og byggingarheimilda að Ljós kolluholti auk skilgreiningar á svæði fyrir þrjú frístundahús að Norðlingaflöt.

Samþykkt í sveitarstjórn 20. janúar 2021.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. mars 2021.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. mars 2021